

Alþingi
Erindi nr. P 135/2368
komudagur 28.4.2008



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

FRV
Félag
ráðgjafar-
verkfræðinga

Reykjavík, 14. apríl 2008

EFNI: Athugasemdir Félags ráðgjafarverkfræðinga (FRV) við frumvarp til laga um mannvirki – tillaga að breytingu. Þingskjal 617 – 375. mál.

Með meðfylgjandi bréfi, dags. 16. febrúar 2006, setti Félag ráðgjafarverkfræðinga (FRV) fram athugasemdir við drög að frumvarpi til laga um mannvirki sem þá var í smíðum í umhverfissráðuneytinu. Ljóst er að frumvarpið í endanlegri mynd hefur tekið breytingum frá því áður nefnd umsögn var látin í té og fagnar FRV því að ýmis atriði er félagið gerði athugasemdir við hafa verið færð til betri vegar. Hvað varðar athugasemdir við frumvarp það sem nú liggur fyrir Alþingi leyfir FRV sér hér með að vísa til meðfylgjandi bréfs félagsins til umhverfissráðuneytisins, dags. 16. febrúar 2006, og ítreka þau sjónarmið er þar koma fram.

Að auki vill félagið gera athugasemd við þá fyrirætlan löggjafans að skipta upp markaðs- eftirliti með rafföngum sbr. 64. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um breytingar á lögum 146/1996 um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Svo virðist sem skilja eigi eftir hluta af eftirliti með rafföngnum hjá Neytendastofu, þ.e. eftirliti með rafföngum sem teljast neytendavara. FRV telur ljóst að fagleg sjónarmið, t.a.m. varðandi uppbyggingu á þekkingu og reynslu við slíkt eftirlit, mæli eindregið gegn slíkri skiptingu á eftirlitinu. Einnig má ljóst vera fyrirkomulag það er frumvarpið gerir ráð fyrir kallar á aukinn eftirlitskostnað hins opinbera. Eðlilegt er að eftirlit með öllum rafföngum sé á sama stað.

FRV þakkar fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að yfirfara frumvarpið og koma sjónarmiðum sínum á framfæri gagnvart Alþingi.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar FRV

Magnús Baldursson frkvstj.

Hjálagt:

Bréf FRV til umhverfissráðuneytis, dags. 16.02.06.



FRV
Félag
ráðgjafar-
verkfræðinga

Umhverfissráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

UMSÖGN UM DRÖG AÐ FRUMVARPI TIL LAGA UM MANNVIRKI

Með bréfi dags. 20. janúar sl. var Félagi ráðgjafarverkfræðinga (FRV) send drög að frumvarpi til laga um mannvirki og félaginu gefinn kostur á því að gera athugasemdir við efni þeirra. Hér að neðan eru þær athugasemdir sem félagið vill gera við frumvarpsdrögin að svo stöddu.

Athugasemdir FRV taka að nokkru mið af þeim upplýsingum er gefnar voru fulltrúum félagsins á fundi þann 9. febrúar sl. með starfsmönnum ráðuneytisins. Á umræddum fundi var m.a. upplýst að með frumvarpinu væri ekki verið að gera breytingar á ábyrgð einstakra starfsstétta er koma að mannvirkjagerð, heldur væri leitast við að skýra ábyrgð einstakra stétta. Einnig var upplýst að ekki væri um að ræða breytingar á skilyrðum fyrir öflun starfsréttinda.

FRV vill setja fram eftirfarandi athugasemdir við frumvarpsdrögin:

1. Byggingaleyfis skyldar framkvæmdir – 9. og 10. gr.

Að mati FRV eru ákvæði frumvarpsins miðuð fyrst og frest við hefðbundnar húsbýggingar og eiga því ekki vel við annars konar mannvirki s.s. virkjanamannvirki, háspennulínur o.fl. sem til stendur að falli undir væntanleg lög um mannvirki. Í dæmaskini má nefna til eftirtalin atriði;

- 1.1. Erfitt er að sjá hvernig umsóknir um sérhæfð mannvirki geti fallið undir þann feril sem 10. gr. frumvarpsins mælir fyrir um.
- 1.2. Hver er samræmingarhönnuður vatnsaflsvirkjunar?
- 1.3. Geta ákvæði um gildistíma byggingarleyfis átt við um virkjanamannvirki þar sem framkvæmd fer oft af stað án þess að búið sé að leysa ákveðin atriði sem oft og tíðum teyja framkvæmdir s.s. uppkaup eigna/eignarnám o.fl.
- 1.4. Í ljósi ákvæða 23. og 24. gr. frumvarpsins; hvernig löggildingu þarf til þess að hanna háspennulínur eða virkjanir?

Að mati félagsins þyrfti að leggja vinnu í yfirferð frumvarpsdraganna í þessu ljósi. Eðlilegt væri að leita til aðila með reynslu af slíkum framkvæmdum, ráðgjafarverkfræðinga og framkvæmdaaðila á umræddum sviðum og fá ábendingar og tillögur hér að lútandi.

2. Gæðakerfi – 22. og 29. gr.

Í 4. mgr. 22. gr. og 1. mgr. 29. gr. er eftirfarandi ákvæði; "Gæðakerfi ISO 9000 uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til gæðakerfis skv. þessari grein"
Að mati FRV ætti að fella umrætt ákvæði út úr frumvarpinu. Eðlilegra er að lög-gjafinn setji hér lágmarkskröfur með fyllra lagaákvæði ásamt áskilnaði um að nánari útfærsla á gæðakröfum verði í byggingarreglugerð. Um er að ræða íþyngjandi kvöð á ákveðnar starfsstéttir sem verður að vera skýr og afmörkuð.

Rétt er að geta þess að verulega er á reiki hvert efnislegt innihald ákvæðisins sé þar sem ISO 9000 kerfið gæti í raun gert miklu meira en uppfyllt þær kröfur sem löggjafinn hefur í huga. Tilvísun til ákveðins gæðakerfis ætti að mati félagsins frekar heima í greinargerð með lögnum.

3. Tryggingarskylda hönnuða og byggingarstjóra aflögð.

Að mati FRV er óvarlegt að fella með öllu út tryggingaskyldu byggingarstjóra og hönnuða, þá með vísan til almennra sjónarmiða um neytendavernd. Hins vegar er að mati félagsins nauðsynlegt að hafa sveigjanleika í lögnum hvað varðar tryggingarnar þannig að t.a.m. verkfræðistofur sem hafa rekstrartryggingu (þ.m.t. ábyrgðartryggingu) þurfi ekki jafnframt að hafa sérstaka tryggingu á grundvelli laga um mannvirki.

4. Starfsemi Byggingarstofnunar – 5. gr.

Í 4. mgr. 5. gr. kemur fram að Byggingarstofnun sé heimilt með samningi að taka að sér byggingareftirlit fyrir hönd einstakra sveitarfélaga óski þau þess. Að mati FRV er stofnuninni þannig heimilað að vera óbeint í samkeppni við einkareknar skoðunarstofur. Um er að ræða opinbera stofnun með víðtækt hlutverk skv. frumvarpsdrögnum. Nægir þar að nefna til að stofnunin mun annast gerð leiðbeininga, verklagsreglna um eftirlitsaðferðir o.fl., reka gagnagrunn fyrir upplýsingar um byggingar, gefa út starfsleyfi fyrir skoðunarstöðvar og fleira.

Að mati FRV væri eðlilegt að þessi heimild væri aðeins til staðar ef ekki eru fyrir hendi útbú skoðunarstöðva í viðkomandi sveitarfélagi ellegar að skoðunarstöðvum verði jafnframt heimilað að gera slíka samninga við sveitarfélög (þá hugsanlega með hámarks gildistíma til að tryggja samkeppni).

5. Byggingareftirlit – 19. gr.

Samkvæmt 19. gr. frumvarpsdraganna er sveitarstjórnnum og Byggingarstofnun heimilt að ákveða að tilteknir þættir byggingareftirlits skuli framkvæmt af skoðunarstöðvum.

Rekstur skoðanastofa mun algjörlega vera háður ákvörðunum sveitarstjórna skv. umræddri grein frumvarpsins. Þannig að ef nógu mörg sveitarfélög ákveða að fela byggingareftirlit faggiltum skoðunarstöðvum væri rekstrargrundvöllur undir ótiltekinn fjölda slíkra stofa. Frumvarpið segir hins vegar ekkert til um hvort eða hvernig sveitarfélögin geta tekið ákvörðun að færa byggingareftirlitið aftur til byggingarfulltrúa eða þá Byggingarstofnunar á grundvelli 4. mgr. 5. gr. Ætla má að skoðunarstofur þurfi að leggja í mikinn kostnað til þess að viðhalda þekkingu á mörgum sviðum mannvirkjagerðar sem aftur kallar á traustan rekstrargrundvöll. Með hliðsjón af framansögðu er mælt með að frumvarpið áskilji að sveitarstjórnir þurfi að tilkynna með góðum fyrirvara (t.d. 2ja ára) um breytingar á fyrirkomulagi byggingareftirlits skv. 19. gr.

6. Byggingarreglugerð – 57. gr.

Samkvæmt 57. gr. frumvarpsins skal ráðherra setja reglugerð er nær til alls landsins þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laga þessara.

Að mati FRV yrði ein reglugerð sem taka ætti yfir allar tegundir mannvirkja of viðamikil. Ákvæði í reglugerð sem uppfylla ættu kröfur skv. 2. til 5. mgr. 57. gr. varðandi vatnsafls- eða gufuafsvirkjanir eða háspennulínur ættu hugsanlega betur heima í sér reglugerð. Athugasemd þessi er að hluta tengd þeim athugasemdum sem gerðar eru í 1. tl. hér að framan.

7. Úrskurður skv. 4. mgr. 9. gr.


Samkvæmt 4. mgr. 9. gr. frumvarpsdraganna skal leita niðurstöðu úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála leiki vafi á því hvort mannvirki sé háð byggingarleyfi eða hvort þau falli undir 2. eða 3. mgr. 9. gr.


Að mati FRV er nauðsynlegt að lögin kveði á um hámarkfrest sem úrskurðar-nefndin hafi til þess skila niðurstöðu. Það er ekki ásættanlegt að sá sem hyggst standa fyrir framkvæmdum þurfi að biða niðurstöðu nefndarinnar um ótiltekinn tíma. Frestur gæti verið fastsettur sem ákveðinn fjöldi vikna með heimild til fram-lengingar í undantekningartilfellum.

FRV þakkar fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að yfirfara drögin á þessu stigi frum-varpsgerðarinnar og koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Félagið væntir þess að fá að koma frekari athugasemdum að á síðari stigum.

Reykjavík, 16. febrúar 2006

f.h. FRV


Kristján Sveinsson
varaformaður FRV


Magnús Baldursson
frkvstj.